

Skýrsla keppnisnefndar á LH þingi 17.-18. október 2014

Nefndin tók 21 þingskjal til umföllum.

Þingskjal 4

Fram kom að hægt væri að misskilja orðalagið. Einnig nefnt að rétt væri að fá fleiri rannsóknir.

Breytingatillaga:

Íslensk sérregla: (birtist í bannlista)

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, samþykkir að banna notkun á mólum með tunguboga og vogarafli í keppni.

Mól teljast vera með tunguboga þegar hæðarmunur frá neðri kanti á endastykki upp í neðri kant á efsta hluta (miðhluta) mólanna er meiri en 0,5 sm. Öll mól með tunguboga skv. ofangreindri skilgreiningu og stöngum með vogarafli og keðju eru þar með bönnuð.

Samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta

Þingskjal 16

Tilgangur að stuðla að nýliðun í gæðingakeppnina. Snæfellingur hefur prófað svona keppni. Spurning um að sleppa stökki? Hafa ásetu og stjórnun frekar en Fegurð í reið?

Breytingatillaga: sleppa stökkinu úr túr greininni Samþykkt.

Tillaga: sett í ferli til að þróa og prófa áfram. Hvetja félög til að prófa þetta

Afgreiðsla: Gæðingadómarafélagið dregur tillöguna til baka en keppnisnefnd hvetur félögin til að prófa sig áfram með þessa keppnisgrein.

Þingskjal 17

Umræða varð um tæknina sem notuð er við tímatökuna og öryggið.

Breytingatillaga:

Lagagrein: 8.7.21.10, ný grein, Fyrirvari

Áður en keppni í 100 m skeið hefst skal þulur lesa eftirfarandi tilkynningu til knapa upp: Tímar eru lesnir upp af rafrænu tímatökunni jafnóðum og birtir. Þeir eru þó ekki staðfestir fyrr en keppni er lokið og starfsfólk tímatöku hefur yfirfarið og staðfest að allir tímar séu réttir strax að lokinni hverri umferð.

Samþykkt

Þingskjal 18

Umræða varð m.a. um hvort viðurlögin séu nægilega þung en tillagan var samþykkt óbreytt.

Þingskjal 19

Íslensk sérregla. Samþykkt með þorra atkvæða.

Þingskjal 20

Samþykkt.

Þingskjal 21

Nú þegar eru reglur um hve oft hestur megi hefja keppni á sama degi (8.1.1).

Fellt.

Þingskjal 22

Umræða. Tillagan samþykkt.

Þingskjal 23 og þingskjal 26

Þingskjal 26 gengur lengra og er því rætt fyrst. Mikil umræða um flokkaskiptinguna.

Í tillögu 26 vantar að nefna 2. flokk

Breytingatillaga:

59. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 17. til 18. október 2014, samþykkir þær breytingar hvað varðar flokkaskiptingu keppnisknapa í meistaraflokki, 1. flokki og 2. flokki, að á hverju móti getur knapi aðeins keppt í einum flokki. Eina undantekningin væri sú að ekki er boðið upp á einhverja keppnisgrein í þeim flokki sem knapinn er skráður í.

Samþykkt með meirihluta atkvæða

23 fellur þar með

Þingskjal 25

Íslensk sérregla.

Umræður nokkrar. Samþykkt með þorra atkvæða.

Þingskjal 28

Íslensk sérregla ef samþ.

Breyting:

Lagagrein 8.7.7 T7 –Tölt

Hestar og **knapar** sem taka þátt í þessari grein mega ekki taka þátt í öðrum töltgreinum á sama móti.

Lagagrein 8.7.13. V5 – Fjörgangur

Hestar og knapar sem taka þátt í þessari grein mega ekki taka þátt öðrum fjór- eða fimmgangsgreinum á sama móti

Bæta við V2

Þingskjal 29

Ekki er bannað í dag að senda dómarafélögunum athugasemdir. Tillagan felld.

Þingskjal 30

Umræða talsverð. Gæðingakeppnin séríslensk, óþarfi að breyta þessu. Mistök eins dómara vega þungt. Of stór ákvörðun til að taka nú án meiri umræðu, meiri rökstuðnings og jafnvel rannsókna.

Vel er hægt að keyra mót með og án þessarar reglu til að skoða þetta betur.

Tillagan felld með meirihluta.

Þingskjal 32

Þrátt fyrir fyrri samþykkt beri það stundum við að þegar illa gengur að manna dómara á mót þá lendi það á mótshaldara að útvega dómara. Slæmt að ætlast samt til að yfirdómari axli þá ábyrgð, dómarafélagið á að gera það.

Fellt.

Þingskjal 39

Tillagan getur ekki staðið ein og sér, ekki hægt að ræða hana án þess að ræða 38 líka. Nefndin ákvað því að gera. Rétt að sleppa yngri flokkunum úr þessu, þ.e. hafa óbreytt þar?

Tiilaga 39 felld.

Þingskjal 44 og þingskjal 52

Tillaga 52 rædd líka. Tillaga 44 gengur lengra. Fram kemur að ef þetta verður samþykkt þá verður okkur hent út af WR mótum, eða þá að skáreimin yrði áfram bönnuð á WR mótum. Bannið var samþykkt hjá sportnefnd FEIF á hæpnum forsendum á sínum tíma.

Tillaga 44 samþykkt.

Tillaga 52 fellur þar með niður þar sem 44 gengur lengur (er afd'rattarlausari)

Þingskjal 49

Vísað í umræðu um þingskjal sem var samþykkt. Felld.

Þingskjal 50, liðir 3, 4 og 5

Liður 3: allt of róttækt? Mikil umræða og skiptar skoðanir. Margir á því að nauðsynlegt sé að gera breytingar. Félagslegi þátturinn hins vegar mjög mikilvægur. Felld.

Liður 4: Óþarft að ákveða á LH þingi hvenær forkeppni í tölti fari fram? Felld.

Liður 5: Svipað fyrirkomulag var reynt 2008 og gafst ekki vel. Jákvætt að stungið er upp á veðstarfsemi í kringum kappreiðarnar. Felld.

Þingskjal 54

Breytingartillaga að miða við skráningardag:

Hestur getur aðeins keppt fyrir eitt félag hvert almanaksár og hann verður að vera skráður í eigu félagsmanns í því félagi í síðasta lagi þann dag sem skráningu lýkur á mótið. Þetta gildir einnig í barna-, unglinga- og ungmennaflokkum. Undantekning er keppni eða sýningar í fjáröflunarskyni.

Samþykkt.